

1857.  
27. maí.

## 12. Konúngleg Auglýsing til Alþíngis um árángur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástúngum á fundinum 1855.

Vér Friðrik hinn sjöundi, o. s. frv., sendum Voru trúa alþíngi kveðju guðs og Vora!

Ánægjusamlegt hefir Oss verið, að sjá það af störfum alþíngismanna Vorra árið 1855, hve dyggilega þeir hafa kappkostað að efla gagn Vort og landsins.

Vér höfum vandlega látið íhuga tillögur þíngsins um lagafrumvörp þau, sem undir það voru borin, og önnur álitismál þess og uppástúngur, og munum Vér nú allramildilegast skýra frá, hvað í þeim efnum hefir verið af ráðið.

### I.

Þessar réttarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, er Vort trúa alþíngi hefir sent Oss þegnlegar tillögur um.

- 1) 24. nóvember f. á., opið bréf um það, hvernig greiða skuli kostnað þann, er þarf til að fram fylgja lögum 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi.
- 2) 6. janúar þ. á., tilskipun um breyting á tilskipun 8. marz 1843, viðvíkjandi kosningunum til alþíngis.
- 3) s. d., opið bréf, um að stofna bygginganefnd á verzlunarstaðnum Akureyri.
- 4) s. d., opið bréf, er lögleiðir á Íslandi, með breytingum, lög 5. apríl 1850 um að útlendir gyðingar megi setjast að í ríkinu.

Á réttarbótum þessum getur alþíngi sæð, hversu athugasemdir þær, er það hefir gjört um lagaboð þau, er nú voru talin, hafa verið grandgæfilega íhugaðar, og hvernig lagaboðum þessum hefir eptir þeim verið breytt, nákvæmar ákvörðun og aukin.

Auk þessa hafði alþíngi farið því á flot, að ríkiserfðalögin 31. júlí 1853 yrði lögð út og birt á íslenzku, og að lagaboðið 10. febr. 1854, sem breytir nafninu á ríkisbábankamyntinni í ríkismynt, yrði einnig lögleiðt á Íslandi, með tveimur smábreytingum. En Oss hefir ekki þótt nauðsyn á að gjöra frekari ráð-

stöfun í þessu efni, einkum vegna þess ætla má að lagaboð þessi sé fyrir laungu birt á Íslandi.

1857.  
27. maí.

Eptir að nefnd sú, sem sett var árið 1855 til að lagfæra jarðamatíð á Íslandi 1849 og 1850, hefir nú lokið störfum sínum, verður frumvarp það, sem nefndin hefir samið til nýrrar jarðabókar fyrir Ísland, nú borið undir alþingi.

Breytingar þær, sem alþingi í þegnlegu álitsskjali hefir stúngið uppá að gjörðar væri við frumvarp það til tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi, er fyrir það var lagt, voru í mörgum aðalatriðum svo lagaðar, að þær gátu ekki orðið teknar til greina, en á hinn bóginn þótti Oss ísjárvert, að gefa frumvarpið út sem lagaboð eins og það var í upphafi, og verður það því tekið til nákvæmari yfirvegunar, hvað nú sé tiltækilegast að gjöra, til að koma máli þessu fram.

Frá yfirvöldunum á Íslandi eru nýlega komnar nákvæmari skýrslur og uppástungur viðvíkjandi barnaskóla þeim, sem stofnsetja átti í Reykjavík eptir frumvarpi, sem áður hefir verið borið undir alþingi. En af því menn hafa ekki getað, sem stendur, með vissu vísað á hvernig fengið yrði fé það, sem þarf til stofnunar skólans og til skólahaldsins, verður að skrifast ítarlegar á um þetta atriði við fyrteð yfirvöld, áður málið verði á ný borið undir alþingi.

## II.

Um þegnlegar bænarskrár, er Vort trúá alþingi hefir sent Oss, birtum Vör alþingismönnum allramildilegast:

- 1) Viðvíkjandi þegnlegri bænarskrá alþingis um breytingu á 4. grein lagaboðsins 15. apríl 1854 um siglíngar og verzlun á Íslandi, má skýrskota til laga, sem um það eru gefin út 16. febr. f. á. Þaðauki er 28. febr. f. á. komin út auglýsing um breytingu á auglýsingu 4. des. 1854 um það, hvernig fá megi íslenzk leidarbréf, og ennfremur 2. apríl 1856 auglýsing um aukagjald fyrir sum utanríkis skip sem sigla til Íslands; 7. júlí s. á. auglýsing um, að frakknesk skip, sem fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, sé undan þegin að greiða teð aukagjald, og 19. nóvember

1857.

27. maí.

s. á. auglýsing sama innihalds með tilliti til skipa, sem eiga heima í konungsríkinu Sikileyjum og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja.

- 2) Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis höfum Vær löggilt verzlunarstað við Saudárkrók í Skagafjarðar sýslu í Íslands Norðuramti, og er komið út um það opið bréf dagsett í dag.
- 3) Alþingi hefir í þegnlegri bænarskrá farið því fram, bæði að póstgaungum yrði til bráðabyrgða strax fjölgað á Íslandi þannig, að nýrri póstferð yrði bætt við milli Fríðriks-gáfu og Reykjavíkur, og 3 nýjum póstferðum milli Stykkishólms og Reykjavíkur, og að samið yrði og lagt fyrir alþingi frumvarp til almennra laga eða reglugjörðar um póstmál á Íslandi. Hin fyrstnefnda ráðstöfun er þegar komin á, þarsem þegar í fyrra var bætt við nýrri póstferð milli Akureyrar og Reykjavíkur, og einnig er búið að leggja svo undir, ekki að eins að póstgaungum verði fjölgað milli Stykkishólms og Reykjavíkur, heldur einnig að póstgaungunum innanamts í vesturamtinu verði fjölgað og komið í lag, samkvæmt því sem alþingi hefir farið fram á, og kemst þetta ef til vill á þegar í ár eða þá innan skamms. En með því póstgaungurnar á Íslandi, eins og alþingi hefir drepið á, verða að standa í sambandi við póstskipsferðirnar milli Danmerkur og Íslands, þá þarf fyrst að gjöra út um það, hvernig póstskipsferðum þessum verði hagað eptirleidis, áður en samdar verði ákvarðanir um, hvernig póstgaungunum á Íslandi verði breytt; og með því nú er komin fram uppástúnga nokkur um að koma á gang gufuskipsferðum hëðan til Íslands, þá hefir þótt réttast, að gefa alþingi færi á að segja álit sitt um þetta mál, áður en frekari ráðstöfun er gjörð viðvíkjandi þessu málefni, sem er svo mikils varðanda fyrir Ísland.
- 4) Eptir bænarskrá alþingis hefir frumvarp til tilskipunar um vegina á Íslandi verið samið, og verður nú borið undir álit þingsins.
- 5) Alþingi hefir í þegnlegri bænarskrá farið þess á leit, að veittur yrði styrkur þeim manni eða mönnum, sem vildi

1857.

27. maí.

stofna jarðyrkjuskóla á Íslandi, og fátækum lærisveinum, sem vildu ganga á þann skóla. Hefir nú um það mál verið leitað álits yfirvaldanna á Íslandi, en eptir því sem þar er greint, og sem fulltrúi Vor mun skýra þínginu gjör frá, getur ekki sem stendur orðið gjört meira við þetta mál, en að öðru leyti mun stjórnin láta sér framvegis vera einkar annt um það.

- 6) Málið um betri læknaskipun á Íslandi, sem alþingi hefir sent þegnlega bænarskrá um, er nú svo vel á veg komið, að líkindi eru til að því verði ráðið til lykta áður langt liður, og mun stjórnin framvegis róa að því öllum árum.
- 7) Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um, að 2 eða 3 lög-lærðir málaflutningsmenn yrði skipaðir við yfirdóminn á Íslandi, hefir verið leitað álits stiptamtmanns og dómend-anna í yfirdóminum bæði um það, hve mikinn styrk mundi þurfa til að koma þessu fram, og úr hverjum sjóði hann yrði greiddur. Nú er ekki neitt því til fyrirstöðu, að fyrst um sinn verði settir tveir lögfróðir málaflutningsmenn við yfirdóminn, og álízt hæfilegt, að hver þeirra fái 3 eða 400rd. árlegan styrk, en með því að helmíngurinn að eins, eða í mesta lagi 350 rd., verður greiddur úr hinum íslenzka sakagjaldssjóði, og þar stjórnin sér ekki færi á að útvega neinu meiri styrk til þessa, verður að biða eptir ítarlegri uppástúngu frá alþingi um það, hvernig það verði fengið, sem á vantar.
- 8) Oss hefir ekki þótt ástæða til að taka til greina þegnlega bænarskrá alþingis um, að 15. gr. í tilskipun 26. janúar 1821 verði numin úr lögum, og að settur verði kennsluskóli í Reykjavík handa íslenzkum lögfræðfngum.
- 9) Vær höfum allramildilegast veitt þegnlega bæn alþingis um að vitnisburðir þeir, sem konúnglegur úrskurður 8. apríl 1844 áskilur, verði ekki teknir gildir, nema þeir sé frá kennaranum í íslenzku máli við háskólann í Kaupmanna-höfn, eða frá þeim föstum kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, er kennir þar íslenzku, og höfum Vær ank þessa gefið stjórn dómsmálanna á vald, að ákveða ná-

1857.  
27. maí.

kvæmar hvernig próf það skuli vera, sem menn þurfa að standa í Íslenzku áður en þeir geti fengið vitnið um að þeir kunni málið.

10) Alþingi hefir í þegnlegri bænarskrá farið fram á, að greinilegur og skipulegur reikningur yrði saminn yfir „Kollektupeningana“ síðan um árslok 1797, og auglýstur þinginu. En með því málið um „Kollektupeningana“, sem alþingið hefir einusinni áður haft tækifæri til að kynna sér, er fullkomlega útkljáð með allrahæztum úrskurði 25. júlí 1844, er ákveður að stærð peninga þessara sé til þess tíma 28,165 rd. 24 sk., hefir ekki virzt nein ástæða til að gefa þinginu ítarlegri skýrslu um, hvernig „Kollektupeningunum“ fyrrum hefir verið varið, en þá, sem gefin var þinginu af konúngsfulltrúa árið 1845. Þarámóti hefir svo virzt, að ekki bæri að neita þinginu um skýrslu um, hvernig hjálparsjóði þeim, sem stofnaður var með áðurnefndum allrahæztum úrskurði og vöxtum af honum hafi verið varið síðan 25. júlí 1844, og verður þess vegna í því skyni sent fulltrúa Vorum á alþingi staðfest eptirrit af optnefndum allrahæzta úrskurði og sömuleiðis af reikningi þeim, sem saminn hefir verið yfir teðan sjóð síðan hann var stofnaður, og verður um leið skýrt frá, hvernig sèð er fyrir sjóði þessum og hvar hann er geymdur.

11) Út af þegnlegri bænarskrá alþingis um, að sýslumanninum í Skaptafells sýslu verði gjört að skyldu að taka sér aðsetur á hentugra stað fyrir sýslubúa en verið hefir, hefir stjórn dómsmálanna lagt svo undir, að þessu verði komið í betra lag. En að öðru leyti viljum Vær leiða athuga þingsins að innibaldi tilskip. 8. marz 1843 77. gr., er alþingi eptir henni á ekki að hafa afskipti af bænarskrám og kvörtunum einstakra manna, heldur vísa þeim til hlutaðeiganda yfirvalds úrlausnar.

Með tilliti til þess að alþingi háði áður beðið um að samin yrði ný hússtjórnarlög fyrir Ísland, svo fljótt sem verða mætti, þá var það starf falið á hendur nefnd þeirri, sem sett var í Reykjavík árið 1855 til að lagfæra jarðamatið. Hefir nú nefnd

Þessi nýlega skýrt frá, að hún vegna hinna miklu starfa, sem hún hafði að leysa af hendi við jarðamatið, hafi enn ekki haft tóm til að semja fyrirtæð lagafrumvarp, en vonar þó að frumvarp þetta muni verða fullgjört þegar í vor eða í sumar.

Til staðfestingar úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Vær sent Yður þessa auglýsing Vora og heitum Voru trúa alþingi hylli Vorri og konúnglegri mildi.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

*Oddg. Stephensen.*

1857.  
27. maí.

**13. Opið bréf um löggilding verzlunarstaðar við Sauðárkrók í Skagafjarðar sýslu í Íslands Norðuramti.** 27. maí.

Vær Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir þegnlegu frumvarpi alþingis hefir Oss allramildilegast þóknazt að löggilda verzlunarstað við Sauðárkrók í Skagafjarðar sýslu í Íslands Norðuramti.

Fyrir því skal það frá 1. janúar 1858 vera fastakaupmönnum heimilt, að setjast að á tæðum stað með þeim skilmálum er segir í opnu bréfi 28. desember 1836, og mega einnig frá sama tíma innlendir og útlendir lausakaupmenn sigla þangað til verzlunar, þegar þess er gætt, sem ákveðið er í nefndu lagaþóði og í lögunum 15. apríl 1854 3. grein.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

*Oddg. Stephensen.*

**14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konúngsfulltrúa, Melsteðs amtmanns, um jarðamatið.** 30. maí.

Eptir allraþegnsamlegastri uppástúngu dómsmálastjórnarinnar hefir Hans Hátign konúnginum 27. þ. m. þóknazt allramildilegast að samþykkja:

- I. a) að leggja megi fyrir þessa árs alþingi til álits frumvarp það, sem nefnd sú, er kosin var í Reykjavík árið 1855,